

**Sþ. 37. Tillaga til þingsályktunar [37. mál]**

um heyverkunarmál.

**Flm.: Ágúst Þorvaldsson, Gísli Guðmundsson, Halldór Ásgrímsson, Björn Pálsson, Björn Fr. Björnsson, Ingvar Gíslason, Halldór E. Sigurðsson.**

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa sex manna nefnd til þess að gera tillögur um almennar ráðstafanir með lögum eða á annan hátt, er að því miði að gera heyverkun bænda sem öruggasta og ódýrasta. Nefndarmenn skulu skipaðir eftir tilnefningu Búnaðarfélags Íslands, Stéttarsambands bænda, tilraunastöðvar háskólans í meinafræði á Keldum, tilraunaráðs búfjárræktar, verkfæranefndar ríkisins

og raforkumálaskrifstofunnar, einn tilnefndur af hverjum aðila. Nefndin kys sér sjálf formann.

Nefndin athugi sérstaklega, hvernig auka megi súgþurrkun og votheysgerð sem allra mest, t. d. með því að hækka ríkisframlag og veita lán til þess að koma upp súgþurrkunartækjum, lofthitun í sambandi við blástur, votheysgeymslum, færriböndum og saxblásurum. Enn fremur láti hún uppi, að fengnum sérfræðilegum upplýsingum, álit sitt á möguleikum til þess að koma í veg fyrir tjón á sauðfé vegna votheysgjafar.

Nefndin ljúki störfum svo fljótt sem frekast er unnt og skili tillögum um lánveitingar til ríkisstjórnarinnar svo tímanlega, að unnt sé að taka tillit til þeirra á árinu 1964.

Kostnaður við nefndarstörf, þar á meðal við fræðilega aðstoð, greiðist úr ríkissjóði.

#### Greinargerð.

Tillaga samhljóða þessari var flutt á síðasta þingi, en náði þá ekki fram að ganga. Fylgdi henni þá eftirfarandi greinargerð:

Íslendingar hafa, svo sem kunnugt er, stundað kvikfjárrækt, frá því að land byggðist. Hefur þessi atvinnuvegur byggzt á því, að heyja hefur að sumrinu verið aflað til vetrarfóðurs, og á hagnýtingu landsins til beitar fyrir búféð. Afkoma bændanna og efnahagur hefur frá fyrstu tíð farið eftir því, hvort vel heyjaðist eða illa. Ef grassprettu var góð og þannig viðraði, að hey nýttust vel, gat bóndinn horft ókvíðinn móti vetri og harðindum. Ef hins vegar voru annaðhvort grasleysisár eða óþurrkatið um sláttinn, mátti gera ráð fyrir búsveltu og bjargarskortu fyrir heimili bóndans.

Þær eru margar til hrakfalla- og sorgarsögurnar, sem gerzt hafa í þessu landi vegna þess, að heyskapurinn brást. Fyrsta sagan af landnámi hér er um það meðal annars, að landnámsmennirnir urðu að yfirgefa þetta fagra land aftur vegna þess, að þeir höfðu ekki aflað heyja handa búfé sínu, svo að það féll af bjargarskortu. Saga landsins hefst á þessari sorglegu og dýrkeyptu reynslu hinna fyrstu landnámsmanna, og svo hefur hún endurtekið sig í fleiri eða færri skipti á æviskeiði flestra eða allra kynslóða, er landið hafa byggt síðan, og oft legið við, að þjóðin yrði af þeim sökum hungurmorða.

Nú er svo komið vegna hinnar hraðstígu tækni, að grassprettu þarf varla að bregðast. Hið mikla undraefni, tilbúni áburðurinn, sér fyrir því, ef hann er borinn á jörðina í réttum skömmtum fyrir næringarþörf jurtanna. Að vísu getur kal í tún-um rýrt mjög uppskeru einstöku sinnum, en í slíkum tilfellum er sá möguleiki fyrir hendi að brjóta land til sáningar fyrir fljótsprottnar jurtir, svo sem hafra, fóðurkál eða aðrar jurtir, og bæta sér þannig upp að nokkru eða öllu það tap, sem kal í einstökum tilfellum kann að valda.

Þá er tæknin einnig komin á það stig, að oftast eða jafnvel alltaf má með aðstoð véla verka góð hey, þó að tíðarfar sé votviðrasamt. Er þar átt við súgþurrkun og votheysgerð.

Almennt kosta bændur nú eftir getu kapps um að nota tilbúna áburðinn þannig á landið, að það gefi fulla uppskeru. En því miður eru þeir margir, sem hafa ekki enn getað tryggt hjá sér góða og árvissa heyverkun. Þetta er ekki af því, að bændur vanti áhuga í þessu efni, heldur er hér um að ræða svo gifurlega kostnaðarsamar framkvæmdir, að margir hafa orðið að vera án þeirra, enda hvergi neina hjálp til slíks að fá. hvorki í formi styrkja né lána, nema ef nefna skyldi þann lítilfjórlega styrk og lán, sem fæst út á súgþurrkunarkerfi og votheysgeymslur.

Vélakaupin, súgþurrkunarblásarar og mótórar til að knýja þá og færribönd eða blásarar til þess að koma grasi í votheysgeymslur, eru svo kostnaðarsöm, að allur fjöldi bænda getur ekki ráðið í slíkar framkvæmdir, þegar hvergi er lán að fá eða stuðning með fjárframlagi til slíkra hluta.

Með því verðlagi, sem nú er, mun kosta að koma súgþurrkun í 1000—1200 hesta hlöðu ekki minna en um 70 þúsund krónur, og er þá miðað við rafmagnsmótor og að óupphituðu lofti sé blásið.

Eins og nú háttar til orðið í sveitum landsins um vinnukraft, þá þurfa bændur að láta vélar vinna helzt öll þau störf, þar sem þeim verður við komið. Ekki munu liggja fyrir skýrslur um fjölda þeirra bænda, sem hafa súgþurrkunartæki, en samkvæmt upplýsingum frá raforkumálaskrifstofunni höfðu 464 bændur súgþurrkun frá héraðsrafmagnsveitum ríkisins 1961. Hvað þeir eru margir, sem nota aðra orku til súgþurrkunar, er ekki vitað. Þó er nokkurn veginn víst, að ekki er meira en þriðjungur bænda, sem hefur súgþurrkun. Mun þetta misjafnt eftir landshlutum og byggðarlögum.

Þá mun ekki liggja fyrir örugg vitneskja um það, hve margir bændur hafa votheysgeymslur, en vitað er, að á árunum 1950—1960 hafa verið byggðir 191689 m<sup>3</sup>, og að frá 1925 til 1948 voru 778634 m<sup>3</sup> byggðir, en fróðir menn áætla, að ⅓ þeirra bygginga séu nú úr sögunni. Það er þannig í hæsta lagi hægt að gera ráð fyrir 100 m<sup>3</sup> votheysgeymslurúmi hjá hverjum bónda í landinu að meðaltali.

Oft heyrst rætt um það, að heyskapinn sé hægt að tryggja með því að hafa nægar geymslur fyrir vothey. Vissulega er fengin reynsla fyrir því, að þessi heyverkunar- aðferð getur hjargað miklu. En til þess að hún sé möguleg í stórum stíl, þarf aukinn vélakost hjá flestum bændum. Blautt hey er þungt í meðförum, og það er illframkvæmanlegt fyrir þá, sem eru liðfáir við heyskapinn, að moka miklu magni — ef til vill mörg hundruð hestum — af blautu grasi fyrst upp á vagna og síðan af þeim aftur í votheysgeymslurnar, oftast við óhæga aðstöðu. Hér þurfa því til að koma vélar og tæki: blásarar og færíbönd. En það er eins um þessi tæki og þau, sem þarf til súgþurrkunar, að þau eru dýr og flesta bændur skortir fé til að leggja í þann kostnað.

Hin erfiða vinna við votheyið bæði sumar og vetur á vissulega mikinn þátt í því, hvað þessi heyverkunaraðferð er enn tiltölulega lítið notuð, en þar kemur það einnig til, að margir bændur óttast vanhöld í sauðfé, ef vothey er gefið.

Til þess því að bændur geti aukið þessa heyverkunaraðferð, þarf meiri véltækni en nú er og bættar aðferðir við votheysverkunina, annaðhvort með efnaiblöndun í votheyið eða á annan hátt, sem tilraunir eða reynsla kunna að uppgötva, svo að ekki þurfi að óttast óhollustu af þess völdum fyrir búféð. Enn fremur kemur til greina lækning eða ónæmisáðgerðir.

Á þessari miklu vísinda- og tækniöld er það bæði skaði og skömm fyrir þjóðina, að bændur skuli ekki vegna fjárskorts geta notað þá véltækni, sem mundi gera atvinnuveg þeirra að mestu leyti áfallalausan af völdum hinna miklu og tíðu votviðra, sem úthafsloftslagið á eylandi þessu eðlilega skapar.

Með þingsályktunartillögu þessari vilja flutningsmenn leggja áherzlu á, að það verði kannað til hlítar, hvort til séu færar leiðir fyrir ríkið á einhvern hátt að hjálpa bændum til að tryggja heyverkunina. Þetta er svo stórt mál, í fyrsta lagi fyrir bændastéttina og í öðru lagi fyrir þjóðfélagið í heild, að óhjákvæmilegt er, að ríkið láti það til sín taka.

Það hefur komið fyrir hvað eftir annað, að bæta hefur þurft úr yfirvofandi neyðarástandi vegna óþurrka með skyndihjálpi hins opinbera, sem — þótt góð sé — kemur aldrei að fullum notum. Það væri því hyggilegt af hálfu þjóðfélagsins að aðstoða bændastéttina við að koma í veg fyrir, að vændræðaástand skapist vegna votviðra.

Okkur flutningsmönnum finnst, að mál þetta þurfi allvíðtækrar athugunar við, svo að raunhæfar tillögur sé hægt að gera um það, hvernig málefni þetta verði farsællegast leyst. Nauðsynlegt er, að sú athugun sé gerð af þeim aðilum, sem gera má ráð fyrir að bezta og víðtækasta þekkingu hafi á þessu sviði. Stofnanir þær, sem gert er ráð fyrir að tilnefni menn í nefndina, eru allar tengdar landbúnaðinum

sérstaklega nema raforkumálaskrifstofan, en hún er sjálfsagður aðili, þar sem raforka frá orkuveitum ríkisins er og verður í vaxandi mæli notuð til að knýja vélar við landbúnaðarstörf og ekki sízt til þeirra starfa, sem hér er um rætt.